

Mánudaginn 7. nóvember 1977.

Nr. 193/1977. **Ákærvaldið**
 gegn
Lárusi Konráðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Hjörtur O. Aðalsteinsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. f. m., sem barst Hæstarétti 31. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Frá ríkissaksóknara hefur engin greinargerð borist.

Samkvæmt upplýsingum í bréfi héraðsdómara, dags. 1. þ. m., fundust við húsleit á heimili varnaraðilja 10 hollensk gyllini, en ekki 30, svo sem í hinum kærða úrskurði greinir.

Í rannsókn máls þessa er varnaraðili skráður atvinnulaus, og verður ekki annað af henni ráðið en hann hafi a. m. k. undanfarið enga vinnu stundað. Hann gefur þá skýringu á þeim erlendu peninum, sem hann hafði meðferðis, er hann var handtekinn á Keflavíkurflugvelli, að hann hafi undanfarna sex mánuði keypt þá af ýmsum ókunnum aðiljum og safnað þeim þannig saman. Hann hafi ætlað til Kanaríeyja um næstu jól, en þar sem hann hafi mánudaginn 24. f. m. eða þriðjudaginn 25. þess mánaðar fengið vitneskju um, að uppselt væri í jólaferðina, hafi hann keypt farmiða í þriggja vikna ferð til Kanaríeyja, en þangað mun hann og félagi hans, Jón Viðar Ágústsson, hafa verið að fara, er varnaraðili var handtekinn. Strax eftir að hann hafði keypt farmiðann, kveðst hann hafa farið í Landsbanka Íslands og keypt þar ferðagjaldeyri.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærunálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. október 1977.

Ár 1977, föstudaginn 28. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteins-syni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Á tímabilinu frá kl. 1330 sl. sunnudag til kl. 1945 sl. mánudag var farið inn í húsið Lambastekk 9 hér í borg og þaðan stolið kassa, sem innihélt tæplega 1.5 milljón íslenskra króna, 108 DM, 434—437 dollara, 1.550 D. kr., 1.500 N. kr., 380 hollensk gyllini og 300 peseta. Auk þessa voru í kassanum happdrættisskuldabréf og fleiri verðmæti.

Í þágu rannsóknar málsins var m. a. sett vakt á Keflavíkurflug-völl og fylgst með ferðum manna úr landi. Í fyrrakvöld var Lárus Konráðsson handtekinn þar, og fundust í fórum hans töluverð verðmæti í gjaldeyri, einmitt í þeim gjaldmiðlum, sem stolið var að Lambastekk 9.

Í dag hefur stöðugt verið unnið að rannsókn málsins, og komið hefur fram við yfirheyrslur, að þeir Lárus og Jón Viðar voru staddir í gleðskap í Breiðholtshverfi aðfaranótt sl. mánudags ásamt fleira fólki. Í dag var framkvæmd húsleit á heimili kærða, Lárusar, og fundust þar 30 hollensk gyllini. Kærði neitar sök.

Rannsókn máls þessa er enn á frumstigi, og þykir því nauðsynlegt með vísan til 1. tl. 67. gr. laga 74/1974, að Lárus Konráðsson sæti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 9. nóvember 1977. Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXVI kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórna-skrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Lárus Konráðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 9. nóvember 1977.